

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands vestra 10. mars 2008 í máli nr. S-395/2007:

Ákærvaldið

(Birkir Már Magnússon fulltrúi)

gegn

Sigurði Þór Jónssyni

Sonju Eir Björnsdóttur

(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)

I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þessa mánaðar, er höfðað 7. desember 2007 með ákæru lögreglustjórans á Sauðárkróki á hendur Sigurði Þór Jónssyni, fæddum 23. febrúar 1986, til heimilis að Klapparbraut 5, Garði, og Sonju Eir Björnsdóttur, fæddri 5. október 1985, með lögheimili að Drekkagili 28, Akureyri, „fyrir eftirtalin fíkniefnalagabrot:

Gegn ákærða Sigurði, fyrir að hafa um tíuleytið að kvöldi föstudagsins 3. ágúst 2007 í áætlunarbifreið sem stöðvuð var af lögreglu í Varmahlíð í Skagafirði, haft í vörslum sínum í hægri skó undir skósóla, 0,01 gramm af amfetamíni og 100 skammta af ávana- og fíkniefninu LSD, en síðarnefnda fíkniefnið var ætlað til sölu í ágóðaskyni.

Gegn ákærðu Sonju, fyrir að hafa á sama tíma, í sömu áætlunarbifreið, haft í vörslum sínum 0,63 grömm af kókaíni og 1,04 grömm af amfetamíni, en lögreglan fann efnin við leit í handtösku ákærðu.

Framangreind brot teljast varða við 2. gr. sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 með áorðnum breytingum, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til að sæta upptöku á framangreindum fíkniefnum (efnaskrár nr. 12315 og 12314) skv. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.“

Ákærði Sigurður krafðist sýknu af þeirri háttsemi að hafa ætlað að selja fíkniefnin í ágóðaskyni en annars vægustu refsingar sem lög frekast heimila. Ákærða Sonja Eir krafðist sýknu af kröfum ákærvaldsins og þess að allur sakarkostnaður yrði lagður

á ríkissjóð.

II

Málavextir

Laugardaginn 4. ágúst 2007 voru lögreglumenn með tvo fíkniefnaleitarhunda við fíkniefnaeftirlit í Varmahlíð í Skagafirði. Um klukkan 22:00 kom áætlunarbifreið frá Reykjavík en lögreglumenn notuðu hundana við leit að fíkniefnum í farangursrými og á farþegum þegar þeir stigu út úr rútunni. Annar hundanna gaf til kynna að fíkniefnalykt væri af ákærðu og voru þau tekin afsíðis. Við leit á ákærða Sigurði fundust fíkniefni þau sem í ákæru greinir. Ákærðu voru í framhaldi af þessu bæði færð á lögreglustöðina á Sauðárkróki og vistuð í fangageymslu. Við nánari leit fundust tvö slög af hvítum efnum í myndavél í snyrtitösku ákærðu Sonju. Í framhaldi af þessu tók lögreglan skýrslur af báðum ákærðu. Við skýrslutöku af ákærða Sigurði kom fram hjá honum að hann ætti þau fíkniefni sem á honum fundust. Hann tók strax í upphafi skýrslutökunnar fram að efnin væru ekki ætluð til sölu. Ekki kom fram hjá honum að hann ætti fíkniefni þau sem fundust í fórum meðákærðu. Í lögregluskýrslu er haft eftir ákærðu Sonju að hún kannist við efni þau sem henni voru sýnd en hún hafi vitað hvar annað þeirra var geymt en ekki hitt. Hún kvaðst hins vegar eiga þau efni sem lögreglan sýndi henni sem hún sagði vera „kók og spítt. Kókaín í gulu og bláu plasti og Amfetamín í glærum plastvasa“ eins og orðrétt greinir í skýrslu lögreglu. Hún kvaðst hafa fengið þessi efni gefins en annað þeirra hafi verið í myndavélinni og hún taldi að hitt hafi verið í tösku hennar. Aðspurð að því hver hefði komið efnunum fyrir sagði hún að lögreglunni kæmi það ekkert við. Tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu gerði efnaskýrslu um þau efni sem fundust í fórum ákærðu og tekur ákæra mið af niðurstöðu skýrslunnar. Samkvæmt skýrslunni var LSD-efnið í einni pappírsörk, 45 sinnum 73 millimetrar að stærð, sem skipt var í 100 afmarkaða reiti.

III

Ákærði Sigurður játaði fyrir dóminum að hann hefði átt efni þau sem fundust í fórum hans en hann neitaði því alfarið að þau eða hluti þeirra hafi verið ætlaður til sölu. Liggur því fyrir játning ákærða á vörslu efnanna, sem er í samræmi við gögn málsins og verður hann sakfelldur fyrir hana. Ágreiningur er hins vegar um hvort efnin hafi verið ætluð til sölu eða einkaneyslu. Eins og greinir í ákæru var ákærði með í fórum sínum 100 skammta af LSD. Af hálfu ákæruvalds er því haldið fram að nánast sé óhugsandi að ákærði hafi ætlað að neyta alls þessa magns sjálfur og því séu yfirgnæfandi líkur á að efnin hafi verið ætluð til sölu. Af hálfu ákæruvalds var í þessu sambandi m.a. vísað til umfjöllunar um LSD á vef Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.

Í málinu eru engin gögn sem benda til þess að ákærði hafi ætlað að selja efnin en í fórum hans fannst ekkert sem benti til þess. Fallast verður á með ákæruvaldinu að um allnokkurt magn af LSD hafi verið að ræða og það eitt og sér gefur vísbendingar um að ákærði hafi ætlað sér að selja efnin eða hluta þeirra. Hins vegar liggur ekkert fyrir um styrkleika efnisins en styrkleiki þess skiptir verulegu máli við neyslu. Ef efnið var ekki sterkt er ekki hægt að fullyrða, gegn staðföstum framburði ákærða fyrir dómi og hjá lögreglu, að ákærði hafi ekki ætlað að neyta efnanna sjálfur. Verður ákærði því sýknaður af þeim þætti ákærunnar að hann hafi ætlað að

selja efnin.

Við ákvörðun refsingar ákærða Sigurðar ber að horfa til þess að hann hefur verið sakfelldur fyrir að hafa í förum sínum allnokkurt magn af LSD. Þá verður að horfa til sakaferils hans en hann hefur fimm sinnum áður sætt refsingu. Í öll skiptin varðaði brot hans umferðarlög en hann hefur fimm sinnum verið sakfelldur fyrir ölvun við akstur og í þremur af þessum skiptum var hann einnig án ökuréttinda eða sviptur ökurétti. Hinn 11. október 2006 var hann einnig sakfelldur fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Hinn 19. október 2007 var ákærða gert að sæta fangelsi í 60 daga vegna ölvunar við akstur. Hinn 30. október 2007 var hann aftur dæmdur fyrir ölvun við akstur auk þess sem hann ók sviptur ökurétti en sá dómur var hegningarauki við dóminn frá 19. október. Brot það sem ákærði er nú sakfelldur fyrir var framið áður en dómarnir frá því í október á síðasta ári voru kveðnir upp og ber því að gera honum hegningarauka, sbr. ákvæði 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í málinu hafa verið lögð fram vottorð um hegðan ákærða að undanfögnu. Í vottorði vinnuveitanda hans kemur fram að ákærði stundi nú sjó og standi sig vel þar. Þá hefur verið lagt fram vottorð um að ákærði sæki AA-fundi og hafi lagt mikið á sig til að vera án fíkniefna. Loks var lagt fram vottorð frá Fangelsismálastofnun ríkisins þess efnis að ákærði hafi verið til fyrirmyndar meðan hann afplánaði refsisdóm frá 29. september til 13. nóvember 2007. Að öllu þessu virtu þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Ákærða Sonja bar í fyrstu fyrir dóminum að hún hefði vitað af efnunum sem fundust í handtösku hennar og myndavél. Hún kvaðst ekki vita hvenær efnin komust í hennar vörslu en það hafi verið áður en hún lagði af stað norður. Framburður hennar hjá lögreglu var mjög á sömu lund. Hún óskaði eftir að fá að gefa skýrslu fyrir dóminum öðru sinni eftir að meðákærði Sigurður hafði gefið sína skýrslu og þá kvaðst hún hafa misskilið spurningar sem til hennar var beint og bar að hún hefði ekki vitað af efnunum sem voru í förum hennar. Þessi síðari framburður ákærðu er mjög ótrúverðugur og að engu hafandi. Þvert á móti telst sannað með gögnum málsins og framburði ákærðu hjá lögreglu og fyrri framburði hennar fyrir dóminum að hún hafi vitað af fíkniefnunum sem fundust í förum hennar. Verður hún því sakfelld fyrir vörslur efnanna líkt og krafist er í ákæru.

Ákærða hefur ekki áður sætt refsingu en refsing hennar þykir hæfilega ákveðin 50.000 króna sekt til ríkissjóðs en fjögurra daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna. Í báðum tilfellum ber að fallast á kröfu ákæruvaldsins um upptöku fíkniefnanna.

Sakarkostnaður. Samkvæmt yfirliti rannsóknara féll enginn sakarkostnaður á málið við rannsókn þess hjá lögreglu. Sakarkostnaður málsins er því málsvarnarlaun verjanda beggja ákærðu, Stefáns Karls Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 150.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Kostnaður verjanda við ferðalag hans, að fjárhæð 45.617 krónur, telst einnig til sakarkostnaðar. Ákærðu hafa verið sakfelld fyrir háttsemi þá sem í ákæru greinir, þó þannig að ákærði Sigurður hefur verið sýknaður af hluta ákæruatriða eins og áður er rakið. Þykir því rétt að ákærðu greiði sameiginlega þrjá fjórðu hluta sakarkostnaðar en þriðjungur greiðist úr ríkissjóði.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Birkir Már Magnússon, fulltrúi lögreglustjórans á Sauðárkróki.

Halldór Halldórsson dómstjóri kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Ákærði Sigurður Þór Jónsson sæti fangelsi í einn mánuð.

Ákærða Sonja Eir Björnsdóttir greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs en fjögurra daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Ákærðu greiði sameiginlega tvo þriðju hluta 196.617 króna sakarkostnaðar, þar af eru málsvarnarlaun Stefáns Karls Kristjánssonar héraðsdómslögmanns 150.000 krónur, en þriðjungur sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun innifela virðisaukaskatt.

Halldór Halldórsson